

Ræktunarspildur til leigu á ríkisjörðinni Brúar í Þingeyjarsveit.



Ríkiseignir auglýsa eftir umsóknum um leigu á þremur ræktunarspildum á ríkisjörðinni Brúar, landnúmer 153843, í Þingeyjarsveit.

Ræktunarspilda 1, liggur næst Staðarbraut og Laxárdalsveg og er um 18,7 ha. að stærð, að hluta í hallandi landi, en ræktanlegt land talið vera um 14,0 ha. Ársleiga áætluð um 146 þús/kr.

Ræktunarspilda 2, liggur austan við Löngumýri og er um 8,3 hektarar að stærð, en ræktanlegt land talið vera um 8,0 ha. Ársleiga áætluð um 83 þús/kr.

Ræktunarspilda 3, liggur austan við Húsamýri og er um 11,5 hektarar að stærð, en ræktanlegt land talið vera um 11,0 ha. Ársleiga áætluð um 115 þús/kr.

Áhersla er lögð á að spildurnar verði nýttar til hagsbóta fyrir byggð á svæðinu, s.s. til að styrkja búsetu, landbúnaðarframleiðslu og atvinnustarfsemi sem fyrir er, eða stuðli að nýsköpun. Í umsókn skal m.a. koma fram hvaða spildu eða spildur er sótt um, ásamt lýsingu á áformum umsækjanda um fyrirhugaða nýtingu og hvernig hún uppfyllir áherslur leigusala.

Í boði er leigusamningur til allt að 10 ára í samræmi við reglur og gjaldskrá um afnot af ríkislandi. Ríkiseignir munu ganga til samninga við þann eða þá umsækjendur sem uppfylla skilyrði landeiganda best að mati Ríkiseigna.

Áhugasömum er bent á að fara á staðinn og skoða spildurnar og nánasta umhverfi á eigin vegum.

Umsóknarfrestur er til og með 27. maí. n.k. og nálgast má umsóknareyðublað og frekari upplýsingar um spildurnar og fyrirkomulag úthlutunar á heimasíðu Ríkiseigna: www.rikiseignir.is.

Fyrirspurnir skulu berast til Ríkiseigna á netfangið: rikiseignir@rikiseignir.is eða í síma 520-5600.



